

Matvælaráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík

Hornafirði, 12. janúar 2023
nr. erindis 202212081 ÁEH

Málefni: Ráðstöfun byggðakvóta til fiskiskipa í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Á 1066. fundi bæjarráðs Hornafjarðar þann 5. janúar 2023 var ákveðið að fela atvinnu- og ferðamálafulltrúa að senda inn erindi vegna óska um sérreglur á 4. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023.

Er hér með send inn ósk um breytingu á 1. másl.1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 á þann veg að:


4. gr.

Viðmiðanir um úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa.

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, **og skal 15% úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, og 85% skal skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.**

Rökin fyrir breytingartillögunni eru að hún telst styrkja byggðarlagið með því að styðja við rekstarumhverfi fjölbreyttrar útgerðar í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Virðingarfyllst



Árdís Erna Háldórsdóttir
Atvinnu- og ferðamálafulltrúi
Sveitarfélagsins Hornafjarðar